

8. júní 2020

Umbótaáætlun Glerárskóla

Ytra mat 2017 - 2020



Umbótaáætlun þessi er unnin í framhaldi af ytra mati Námsmatsstofnunar haustið 2017 á stjórnun, námi, kennslu, og innra mati Glerárskóla. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

F.h. Glerárskóla
Eyrún Skúladóttir skólastjóri
Helga Halldórsdóttir deildarstjóri/staðgengill

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Svið I – Stjórnun	3
Fagleg forysta	3
Stefnumótun og skipulag	4
Samskipti heimilis og skóla.....	5
Svið II – Nám og kennsla í Glerárskóla	6
Nám og námsaðstæður	6
Þáttaka og ábyrgð nemenda	8
Ábyrgð og þátttaka.....	8
Námsaðlögun	9
Svið III - Innra mat.....	9
Framkvæmd innra mats	9
Umbótastarf í kjölfar innra mats.....	10

Inngangur

Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytra mati Námsmatsstofnunar á starfsháttum Glerárskóla haustið 2017 á eftirfarandi sviðum skólastarfsins:

- I. Stjórnun
- II. Nám og kennsla
- III. Innra mat

Hér á eftir má sjá umbótaáætlun Glerárskóla í kjölfar ytra mats sem gert var haustið 2017.

Umbætur fara fram á tímabilinu ágúst 2017 – júní 2020. Í hverjum kafla eru tilgreind þau markmið sem stefnt var að ásamt lýsingu á aðgerð, árbyrgðaraðilum og tímaramma.

Umbótaáætlun unnu stjórnendur innramatsnefndar, Helga Halldórsdóttir deildarstjóri/staðgengill og Eyrún Skúladóttir skólastjóri.

Markmiði náð**Markmið í vinnslu****Markmiði ekki náð**

Skýringar eru neðan við hvern undirkafla

Svið I – Stjórnun

Fagleg forysta

Matsþáttur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stjórnandinn sem leiðtogi	Fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf. Skólastjórnendur áætla tíma til innlits í kennslustundir og umræðu á eftir.	Skólastjórnendur	Stefnt var að því að þessi þáttur yrði gerður að sjálfsagðri aðgerð í skólastarfinu frá hausti 2018. Vorið 2020 á eingöngu eftir að fullgera skjal svo hægt verði að fullmóta endurgjöf til kennara.
	Gera einkunnarorð skólans sýnilegri með því að nemendur vinni verk í samráði við myndmentakennara	Skólastjórnendur	Vor 2018 - Lokið
Stjórnun stofnunar	Gera skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar	Skólastjórnendur	Vor 2019 – Lokið
	Nemar og verktakar skrifi undir þagnarskyldu	Skólastjórnendur	Haust 2018 – Lokið
Faglegt samstarf	Gera grein fyrir stefnu skólans varðandi grunnþætti menntunar. Vinna að tengingu grunnþátta við skólanámskrá	Skólastjórnendur og kennarar	Haust 2019 og vor 2020
	Upplýsingar um samstarf við tónlistarskólann í skólanámskrá og á heimasíðu endurskoðaðar og uppfærðar.	Skólastjórnendur	Haust 2018 - Lokið
<p>Stjórnendur hafa frá 2018 aukið mikið heimsóknir og innlit í kennslustundir. Minna hefur orðið um að veita endurgjöf til kennara en þó hefur það tekist í sumum tilfellum. Sá þáttur verður áfram í umbótaáætlun skólans auk þess sem fullmótað verður skjal til skráninga.</p> <p>Einkunnarorð skólans voru útbúin og sett upp í anddyri.</p> <p>Skipurit skólans var uppfært og er því tilbúið.</p> <p>Allir sem koma að starfi við skólann skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir hefja störf.</p>			

Unnið var með grunnþætti menntunar á kennarafundum og þeir tengdir við skólanámskrá en sú vinna er enn í gangi.

Stefnumótun og skipulag

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsáætlun og skólanámskrá	Auka þátttöku hagsmunaaðila í árlegri endurskoðun starfsáætlunar. Gera í samráði við kennara, skólaráð og nemendaráð	Skólastjórnendur, kennarar, skólaráð og nemendaráð	Haust 2018 og árlega eftir það
Skóladagur nemenda	Nýta sveigjanleika í viðmiðunarstundaskrá til að skapa samfellu í námi. Sveigjanleiki er í stundatöflu en það þarf að hvetja kennara til að nýta þann möguleika betur.	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2019 – metið með gæðagreiðni.
	Auka samþættingu námsgreina á eldri stigum til að gera námið heildstæðara	Kennarar með eftirfylgni skólastjórnenda	Vor 2020 – haldið áfram að efla samþættingu
<p>Unnið er að nýrri menntastefnu Akureyrarbæjar og þar með verður farið í endurnýjun á skólanámskrá Glerárskóla. Við vinnuna verða hagsmunaaðilar kallaðir til. Kennarar hafa aukið mikið samþættingu og blöndun nemenda í skólanum. Áfram verður unnið á þeim nótum.</p>			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Verklagsreglur og áætlanir	Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og fyrir nemendur með sérþarfir. Farið eftir áætlun sem birt hefur verið á heimasíðu skólans og kemur fram í starfsáætlun skólans.	Skólastjórnendur og stoðteymi	Vor 2018
	Vinna árlega að áætlun um sérkennslu og stuðning. Sú áætlun hefur verið sett inn í áætlun stoðteymis.	Verkefnastjóri sérkennslu	Vor 2020
	Gera skólareglur sýnilegri í kennslurýmum með því að setja þær í ramma í öll rými auk	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2020 er í vinnslu að vinna nýjar skólareglur með tilvísun í nýja

	bekkjarsáttmála sem gerðir eru árlega.		menntastefnu Akureyrarbæjar. Bekkjarsáttmálar fara á vegg á hverju hausti.
	Uppfæra kafla 3.4 í starfsáætlun skv. ákvæðum í í reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í gr.sk. Endurnýjaður kafli í starfsáætlun 2019-2020.	Skólastjórnendur	Haust 2019
Móttökuáætlun var tilbúin strax vorið 2018 og hefur verið sett á heimasíðu og fylgt síðan. Stoðteymi undir forystu verkefnastjóra sérkennslu hefur unnið að áætlunum um sérkennslu og stuðning sem nú fylgja áætlunum stoðteymis. Sjá heimasíðu			
Skólareglur eru ekki orðnar sýnilegri en áður en beðið hefur verið eftir að ný menntastefna Akureyrar líti dagsins ljós svo hægt verði að endurgera skólareglur til samræmis við hana. Þær reglur verða rammaðar inn og hengdar í öll rými skólans en einnig er verið að endurnýja skólann.			
Bekkjarsáttmálar eru gerðir á hverju hausti og hengdir upp í kennslustofum. Kafli um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins hefur verið endurnýjaður.			

Samskipti heimilis og skóla

Matsþáttur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skólaráð og foreldrafélag	Kjósa nemendur til tveggja ára í skólaráð	Skólastjórnendur formaður nemendaráðs	Haust 2018 – einn nemandi úr 10. bekk og einn úr 9. bekk
	Skólaráð standi árlega fyrir almennum fundum fyrir skólasamfélagið	Skólaráð	Vorið 2020 – haldinn fundur um umferðaröryggi nemenda í Glerárskóla.
Þátttaka foreldra í skólastarfinu	Hvetja foreldra til að nýta sér markvisst upplýsingar úr Mentor reglulega í fréttabréfi.	Skólastjórnendur/kennarar	Vor 2018 – síðan reglulega oft á ári
<p>Í skólaráði sitja 2-3 nemendur úr 8. – 10. bekk sem kosnir eru í nemendaráð. Alltaf er hugað að því að þeir geti setið í a.m.k. tvö ár.</p> <p>Vorið 2020 var haldinn fundur í tengslum við skólann um umferðaröryggi nemenda í Glerárskóla. Í framhaldinu var haldinn fundur skólaráðs með Vegagerð ríkisins, skipulagsyfirvöldum og skólayfirvöldum. Í framhaldinu voru hafnar endurbætur á gatnakerfi sem tengist skólasvæðinu. Forráðamenn eru hvattir til að nýta Mentor oft á ári í gegnum fréttabréf, tölvupóst og í vikupósti.</p>			

Svið II – Nám og kennsla í Glerárskóla

Nám og námsaðstæður

Matsþáttur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Inntak og árangur	Að auka þátttökuhlutfall nemenda í samræmdum prófum og draga úr undanþágum	Skólastjórnendur og kennarar	Allir nemendur reyndu við prófið vorið 2018.
	Setja upplýsingar um allar námsgreinar í námsvísunum á heimasíðu	Skólastjórnendur og kennarar	Vorið 2019 – Lokið Uppfært ár hvert
	Tengja grunnþættina betur inn í námsáætlanagerð.	Kennarar og skólastjórnendur	Haust 2020 verður þessum þætti lokið þegar kennsluskýrslur verða tilbúnar og settar á heimasíðu
	Huga að krefjandi námi fyrir bráðgera nemendur með markvissum hætti	Kennarar og skólastjórnendur	Haust 2020 – með einstaklinganámskrám
	Vinna markvisst að eflingu læsis og lestrarhraða hjá nemendum	Skólastjórnendur og kennarar	Haust 2018 – Lesfimiþróf og efling í upplýsinga og tækniveri/bókasafni
	Gera grein fyrir markmiðum náms og hafa þau sýnileg í kennslu svo nemendur vita hver markmiðin eru	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2020 – Hluti kennara búinn
	Huga að sífelldri kynningu til forráðamanna á Mentor og hvetja þá til að nýta sér möguleika kerfisins	Skólastjórnendur og kennarar	Áætlað námskeið skólaárið 2020-2021 í samráði við foreldrafélagið og skólaráð. Forráðamenn eru hvattir oft á hverjum vetri til að nýta Mentor í fréttabréfum, vikupósti og netpósti.
<p>Nemendur eru hvattir til töku samræmdra prófa og þeim gert kleift að taka prófin á grunni hvers einstaklings.</p> <p>Kennarar vinna að námsvísunum að vori sem síðan eru settir á heimasíðu skólans.</p> <p>Grunnþættir menntunar eru hugsaðir sem stór hluti af kennslu og má sjá hvernig þeir fléttast inn í áætlanir á Mentor. Skólinn mun taka aftur upp að birta kennsluáætlanir á heimasíðu haustið 2020 svo sýnileiki verði meiri.</p> <p>Kennarar hafa unnið í vetur að því að kynna nemendum markmið hvernar lotu í kennslu. Haldið verður áfram að vinna með loturnar og kynningu á þeim þar til allir hafa gert þetta að venjubundnum hluta kennslunnar.</p> <p>Hvatning til forráðamanna er sífelld um að nýta Mentor.</p>			
<p>Ekki hefur náðst að vinna sem skyldi með bráðgera nemendur en unnið verður að því áfram.</p>			

Skipulag náms og námsumhverfis	Sjá til þess að nemendur fái tilskilinn tíma í valgreinar með góðu skipulagi	Skólastjórnendur	Vor 2019 - Lokið
	Efla tæknikunnáttu starfsmanna	Skólastjórnendur og tækniteymi	Vorið 2020 er búið að halda námskeið á hverju ári fyrir starfsmenn og búið að innleiða Google í skólann. Vinnan heldur áfram
<p>Valgreinatími hefur verið aukinn í stundaskrá nemenda.</p> <p>Gífurleg vinna hefur verið með starfsfólki hvað varðar tækni og má segja að vorið 2020 hafi Covid19 komið mikilli bylgju af stað sem olli því að nú kalla kennarar á tæki til notkunar og er það afar jákvætt framfaraskref. Áfram verður unnið að eflingu tæknimála í skólanum þó markmiði hafi verið náð.</p>			
Kennsluhættir og gæði kennslu	Sýna hvaða markmið er verið að vinna í ýmsum heildstæðum verkefnum s.s. Glerárvision og Halloween með því að setja markmið í skólanámskrá/starfsáætlun.	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2019 – Lokið Sjá skólanámskrá
	Huga að því við skipulag að gefinn sér tími til að koma sér í og úr íþróttum/sundi án skerðingar kennslustunda með því að hafa 5 mín. fyrir og eftir tíma.	Skólastjórnendur	Ekki fæst nægur tími í íþróttahúsi né sundlaug til að hægt sé að koma öllum í sund/íþróttir án þess að skerða aðra tíma. Unnið er að þessum málum með fræðsluviði.
Námshættir og námsvitund	Efla kennsluhætti sem leiða til samstarfs og samræðna nemenda um námið með því að virkja nemendur með hópa og paravinnu, nýtingu Hugleiks og jákvæðs aga	Kennarar	Skólaárið 2019-2020 var unnið með Unglingaspjall, jákvæðan aga og umræðustærðfræði og öll hópvinna /parvinna aukin markvisst í skólanum. Vegna Covid19 varð ekkert af því að meta hvernig til tókst en það verður gert á næsta skólaári.
	Gera nemendur ábyrga fyrir skipulagi eigin náms	Kennarar og forráðamenn	Vor 2020 - Lokið
<p>Búið er að skrá markmið stórra hópverkefna í skólanámskrá.</p> <p>Vorið 2020 var ástand í skólanum þannig (vegna Covid19) að nemendur þurftu að taka ábyrgð á eigin námi með aðstoð kennara. Svo vel tókst til að í framhaldinu verður án efa unnið á svipuðum nótum.</p>			

Verið er að vinna með fræðsluviði varðandi sund og íþróttir en þar sem margir skólar eru á Akureyri hefur ekki fengist nægilega mikill tími í íþróttamannvirkum bæjarins svo hægt sé að halda úti kennslu samkvæmt Aðalnámskrá. Von er til þess að þessu verði lokið vorið 2021. Vegna Covid19 var ekki hægt að meta hvernig til tókst með að gera nemendur ábyrgari fyrir eigin námi en það verður gert á næsta skólaári.

Þáttaka og ábyrgð nemenda

Matsþáttur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Lýðræðisleg vinnubrögð	Kynna nemendum niðurstöður kannanna sem þeir taka þátt í eða sem snertir málefni þeirra s.s. Olweusarkönnun.	Skólastjórnendur, námsráðgjafi og kennarar	Vor 2018 – Lokið Árlega hér eftir
	Skoða möguleika á að yngri nemendur komi að nemendaráði að einhverju marki	Ábyrgðamenn nemendaráðs/kennarar og skólastjórnendur	Haust 2020 verða fulltrúar úr 5. -7. bekk á fundum þegar málefni kalla eftir því.

Kannanir hafa verið kynntar nemendum og verða áfram.
Í nemendaráði sitja fulltrúar úr 8. – 10. bekk. Á næsta skólaári verða kosnir fulltrúar úr 5. - 7. bekk í ráðið. Þessir nemendur verða kallaðir á fundi þegar ástæða er til þess og málefni snúa að þeim.

Ábyrgð og þátttaka

Matsþáttur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Ábyrgð og þátttaka	Stoppa truflandi hegðun fárra nemenda sem hafa áhrif á námsumhverfi margra.	Skólastjórnendur	Haust 2018 – Lokið Námsver efling stoðþjónustu
	Gera markmið náms og þá hæfni sem stefnt er að sýnilega nemendum.	Kennarar	Vor 2020 - Lokið
	Kenna nemendum að meta eigin framfarir í námi og efla sjálfsmat þeirra. Nota K3 varðandi skipulag og áætlanagerð.	Kennarar	Vor 2020 – námslotur allar komnar í K3 (Mentor) Sjálfsmat aukið en ekki komið hjá öllum kennurum.

Stofnað var námsver haustið 2018 þar sem nemendum með truflandi hegðun var sinnt. Síðan þá hefur verið ráðinn verkefnastjóri í sérkennslu auk sérkennara og stoðþjónustan þar með eflid til muna. Einnig voru ráðnir fleiri stuðningsfulltrúar og árgöngum skipt meira niður í minni hópa.

Allir kennarar nýta nú K3 (Mentor) til að skrá lotur og framfarir nemenda. Sumir kennarar hafa sjálfsmat nemenda sem hluta af námsmati sem tengist hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Enn hafa ekki allir kennarar sett þetta inn í sínar áætlanir en við höldum áfram að vinna með þáttinn.

Námsaðlögun

Matsþáttur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nám við hæfi allra nemenda	Gera námsaðlögun sýnilega í kennsluáætlunum og kennslustundum	Kennarar-verkefnastjóri sérkennslu	Vor 2019 – Lokið Einstaklingsnámskrár – námsver - stoðþjónusta
	Huga að fjölbreyttum námstækifærum fyrir bráðgera nemendur með því að fá þeim verkefni við hæfi.	Kennarar og stoðteymi	Haust 2020 – með einstaklingsnámskrám
Unnið hefur verið markvisst s.l. tvö ár í gerð einstaklingsnámskráa vegna námsörðugleika nemenda auk þess sem stoðþjónusta aðstoðar bæði inni í bekk eða með því að fá nemendur til sín í minni rými.			
Enn er í vinnslu að huga betur að bráðgerum nemendum og haustið 2020 mun stoðþjónusta ásamt kennurum vinna að því að gera einstaklingsnámskrár fyrir bráðgera nemendur.			
Stuðningur við nám	Skrá hvaða gögn eru nýtt til að fylgjast með stöðu og framförum nemenda. Nýta Mentor (K3).	Kennarar og skólastjórnendur	Haust 2018- Lokið
	Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum kannana og skimana, hver eru viðmið um árangur og til hvaða aðgerða eigi að grípa ef þarf. Nýta fundi/samráð kennara varðandi niðurstöður samræmdra prófa og nota skilafundi vegna skimana. Gera viðmið um árangur og aðgerðaráætlun.	Skólastjórnendur, kennarar og stoðteymi	Vor 2018 – Lokið Skilafundur og samráðsfundur. Viðmið og aðgerðaráætlun í vinnslu vor 2020
Allar skráningar á lotum og námsmati fara í Mentor (K3). Skilafundur og samráðsfundur eru haldnir til að skoða hvort grípa þarf til aðgerða s.s. varðandi samræmd próf.			
Unnið er að gerð viðmiða og aðgerðaráætlana varðandi nýtingu prófa, kannanna og skimana.			

Svið III - Innra mat

Framkvæmd innra mats

	Meta hvernig grunnþættir menntunar endurspeglast í skólanámskrá og starfi skólans.	Stýrihópur um innra mat	Vor 2020 – Lokið Gæðagreina Var ekki hægt að klára vegna Covid19
	Skilagreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að	Skólastjórnendur, kennarar og stýrihópur um innra mat	Vor 2021 Gæðagreinar ??

	Skipa matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa; starfsmenn, nemendur og forráðamenn	Skólastjórnendur	Haust 2020 – verða fulltrúar forráðamanna kostnir í ráðið auk þess sem nemendaráð tilnefnir nemendur í matsteymið
	Kynna niðurstöður mats formlega fyrir hlutaðeigandi þegar þær liggja fyrir	Skólastjórnendur/stýrihópur um innra mat	Haust 2019 – Lokið Árlega frá þeim tíma
<p>Innra mat Glerárskóla byggir á Gæðagreinum og að vori 2020 átti að leggja fyrir Gæðagreini til að meta stöðu grunnþátta í menntun. Ekki var hægt að leggja Gæðagreininn fyrir vegna Covid19 og því fékkst ekki samanburður. Haldið verður áfram með málið á næsta skólaári. Gæðagreinar gefa skýr viðmið um þann árangur sem stefnt er að og hvað þarf til að ná honum. Niðurstöður innra mats eru kynntar á hverju ári svo hægt sé að gera umbætur.</p>			
<p>Ekki náðist að skipa fullbúið matsteymi þar sem erfitt er að fá forráðamenn til starfs. Reynt verður aftur næstkomandi skólaár að ná fullskipuðu teymi. Nemendaráð mun einnig tilnefna fulltrúa nemenda í matsteymið haustið 2020.</p>			

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er umbótamiðað	Setja umbótaáætlun skýrt fram með tímasetningum, ábyrgðaraðilum, þátttakendum, aðgerðum og hvenær meta á umbæturnar.	Stýrihópur um innra mat	Vor/Haust 2019 - Lokið
	Fylgja umbótum kerfisbundið eftir og meta hvort árangri var náð.	Stýrihópur um innra mat	Haust 2018 – Lokið Gert oft á ári. SVÓT greiningar SVT greiningar Umræðufundir Gæðagreinar
<p>Stýrihópur um innra mat hefur undanfarin þrjú ár unnið að umbótaáætlun með skýrri framsetningu auk þess að leggja fyrir mat hjá starfsfólki og nemendum. Einnig hafa verið gerðar umbætur á áætlunum og kennslu. Öryggisráð og Umhverfisteymi hafa einnig komið að umbótum og matsaðgerðum. Stýrihópur um innra mat heldur utan um allt mat á skólastarfinu (sjá árlega skýrslu).</p>			

8. júní 2020

Eyrún Skúladóttir, skólastjóri Glerárskóla

Helga Halldórsdóttir, deildarstjóri og staðgengill skólastjóra Glerárskóla